

AUGLÝSING

um erlenda fjármögnunarleigu (leasing) á tækjum og vélum og lántökur í því sambandi.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 19. gr. reglugerðar nr. 519/1979 um sama efni hefur viðskiptaráðuneytið, í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur um erlenda fjármögnunarleigu (leasing) á tækjum og vélum og lántökur í því sambandi:

- 1.a. Heimilt er að gera fjármögnunarleigusamninga við erlenda aðila um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sbr. 7. lið.
- b. Þá er innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunarleigu heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna sams konar leigusamninga og heimilt er að gera við erlenda aðila samkvæmt framansögðu.
2. Þrátt fyrir ákvæði í auglýsingu nr. 171/1980 um erlendar lántökur, er innlendum framleiðendum sams konar véla, tækja og búnaðar, einnig heimilt að taka erlend lán til að fjármagna framleiðslu sína.
3. Leigu- og lánssamninga þessa er ekki heimilt að gera með ábyrgð innlands banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs. Takmörkunin nær til ábyrgða í innlendum og erlendum gjaldmiðli á einstökum leigu- og lánssamningum, sem fjármagnaðir eru með erlendu fé skv. 1. og 2. lið.
4. Hver samningur um einstaka vél eða vélasamstæðu og tæki skal að lágmarki vera að fjárhæð USD 5 000 eða að jafnvirði í annarri mynt.
Hámarks leigu- eða lánstími er sjö ár, en um leigu eða lán til lengri tíma skal sækja um heimild til viðskiptaráðuneytisins.
5. Áður en leigu- eða lánssamningur kemur til framkvæmda, skal leggja hann undirritaðan fyrir gjaldeyriseftirlit Seðlabankans til staðfestingar. Gjaldyriseftirlitið gengur jafnframt frá bankastimplun innflutningsskjala.
6. Eintak samningsins skal sent þeim innlenda banka eða sparisjóði, sem annast yfirfærslu leigu- og lánsgreiðslna.
7. Reglur þessar gilda um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sem falla undir eftirtalda kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmer, þó ekki varahluti:

Úr 59. KAFLA:

59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum.

Úr 73. KAFLA:

73.21.06 Steypumót (mótakerfi)

73.22.01 Tankar úr ryðfríu stáli, sérstaklega fyrir mjólk

73.22.09 Annað

73.27.05 Færibönd

Úr 84. KAFLA:

84.01.10 Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar) og háhita-
vatnskatlar

84.03.00 Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi

84.05.10 Gufuvélar

84.06.10 Flugvélahreyflar

84.07.10 Vatnshverflar

84.08.10 Potuhreyflar

- 84.08.20 Skrúfupotuhreyflar
- 84.09.00 Sjálfknúnar vegþjöppur
- 84.10.31 Fiskidælur
- 84.10.32 Dælur úr ryðfríu stáli og eða plasti
- 84.11.11 Þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi frystihúsa
- 84.15.31 Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verslanir
- 84.15.32 Ísvélar til veitingahússrekstrar
- 84.15.33 Ísvélar til frystihúsa
- 84.15.39 Frystivélasamstæður til frystihúsa
- 84.15.49 Lausfrystitæki
- 84.17.21 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu
- 84.17.22 Mjólkurvinnsluvélar
- 84.18.23 Fiskkökupressur
- 84.18.24 Lýssíður
- 84.19.21 Aðrar uppþvottavélar
- 84.19.29 Annað
- 84.20.10 Vogir
- 84.22.11 Kraftblakkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta
- 84.22.12 Vindur, þar með taldað akkeris- og skipavindur
- 84.22.21 Lyftikranar
- 84.22.50 Rennistigar og rennigangbrautir
- 84.22.61 Færibönd og sniglar
- 84.23.21 Jarðýtur
- 84.23.22 Vegheflar
- 84.23.30 Vélskóflur og gröfur, sjálfknúnar
- 84.23.40 Aðrar sjálfknúnar vélar
- 84.25.20 Sambyggðar uppskeru- og þreskivélar
- 84.25.32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
- 84.26.21 Mjólkurvinnsluvélar
- 84.26.29 Annað
- 84.29.10 Vélar og tæki til brauðkornsmölunar
- 84.30.11 Vélar til brauð- og kexgerðar
- 84.30.12 Vélar til súkkulaði- og sykurvörugerðar
- 84.30.13 Vélar og tæki til kjötvinnslu
- 84.30.14 Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar
- 84.30.15 Vélar og tæki til flökunar, flatnings, síldarsöltunar o. fl. þ. h.
- 84.31.10 Vélar til framleiðslu á pappírsmassa
- 84.31.20 Vélar til framleiðslu og vinnslu á pappír og pappa
- 84.32.10 Bókbandsvélar
- 84.33.10 Vélar og tæki til pappírs- og pappaskurðar
- 84.34.10 Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum og prentvölsum
- 84.35.10 —
- 84.35.40 Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi
- 84.36.10 —
- 84.36.30 Spuna- og tvinningavélar o. þ. h.
- 84.37.10 Vefstólar
- 84.37.20 Þrjónavélar
- 84.37.30 Aðrar vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði og garni

- 84.40.29 Þvottavélar, sem taka meira en 6 kíló, aðrar en til heimilisnotkunar
- 84.40.30 Þurrhreinsivélar
- 84.40.40 Þurrkarar til iðnaðarnota
- 84.40.62 Strokvélar, aðrar en til heimilisnotkunar
- 84.40.63 Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavörum
- 84.40.64 Prentunarvélar
- 84.41.12 Saumavélar til notkunar í iðnaði
- 84.42.00 Vélar og tæki til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni
- 84.43.10 Málmbræðsluofnar og -vélar
- 84.44.10 Málmvölsunarvélar
- 84.45.10 —
- 84.45.75 Vélar til smíði úr málm og málmkarbidum, þó ekki handverkfæri
- 84.46.00 Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og gleri, þó ekki handverkfæri
- 84.47.01 —
- 84.47.09 Trésmíðavélar, þó ekki handverkfæri
- 84.53.10 —
- 84.53.60 Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar (tölvur)
- 84.56.10 Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar eða þvotta
- 84.56.20 Vélar og tæki til mulnings eða mölunar
- 84.56.31 Steypuhrærivélar
- 84.56.32 Vélar og tæki til leirvörugerðar og framleiðslu á steypumótum úr sandi
- 84.57.00 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum o. fl. þ. h.
- 84.59.20 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o. þ. h.
- 84.59.30 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til iðnaðarvinnslu á feiti og olíum úr dýra- eða jurtaríkinu
- 84.59.40 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til gúmmí- eða plastiðnaðar
- 84.59.60 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til meðferðar á trjáviði
- 84.59.70 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til meðferðar á málm eða málmkarbíðum
- 84.59.81 Vélar til trjávöru- og húsgagnaiðnaðar svo og bursta- og körfugerðar, ót.a.
- 84.59.83 Stýrisvélar til skipa
- 84.59.84 Vélar til efnaiðnaðar, ót.a.
- 84.60.00 Mótakassar fyrir málmsteypu o. fl. þ. h.
- 84.65.01 Skipaskrúfur, skrúfuáspéttar og skiptiskrúfubúnaður

Úr 85. KAFLA:

- 85.01.51 Rafsuðuvélar
- 85.11.10 Rafbræðslu- og hitunarofnar
- 85.11.20 Rafsuðu- og rafskurðartæki
- 85.15.71 —
- 85.15.79 Ratsjár- og loftskýtamiðunartæki

Úr 86. KAFLA:

- 86.06.00 Verktæðisvagnar, kranavagnar og aðrir vinnuvagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir
- 86.08.00 Gámar

Úr 87. KAFLA:

- 87.01.10 Beltadráttarvélar
- 87.01.20 Dráttarbifreiðar fyrir festivagna
- 87.02.12 Snjóbifreiðar
- 87.02.13 Loftpúðaökutæki
- 87.02.35 Flutningstæki fyrir grjót, jarðveg o. þ. h. (Dumpers)
- 87.02.43 Sjúkrabifreiðar
- 87.03.01 Slökkvibifreiðar
- 87.03.02 Snjóplógar
- 87.03.03 Kranabifreiðar
- 87.07.11-
- 87.07.19 Gaffallyftarar o. fl.

Úr 88. KAFLA:

- 88.02.20 Þýrlur
- 88.02.40 Önnur loftfarartæki 2 000 — 15 000 kíló
- 88.02.50 Önnur loftfarartæki sem vega meira en 15 000 kíló

Úr 89. KAFLA:

- 89.01.30 Tankskip af öllum gerðum
- 89.01.40 Vöruflutningaskip
- 89.02.00 Dráttarbátar
- 89.03.00 Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip o. fl.

Úr 90. KAFLA:

- 90.08.21 Kvikmyndavélar-, myndatökuvélar
 - 90.08.29 Aðrar kvikmyndavélar
 - 90.10.31 Framköllunarvélar fyrir röntgenfilmur
 - 90.10.32 Tæki og áhöld til notkunar í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum.
 - 90.10.33 Sérhæfðar vélar til notkunar í prentiðnaði
 - 90.10.39 Annað
 - 90.11.00 Rafeinda- og prótonsmásjár, rafeinda- og prótondifraktógrafar.
 - 90.12.00 Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka eða varpa á sýningartjald mynd af því sem í þeim sést
 - 90.15.00 Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til
 - 90.20.00 Röntgentæki
 - 90.28.31 Bergmálsdýptarmælar, asdictæki o. þ. h. svo og fisksjár
 - 90.28.39 Rafmagns- og rafeindatæki — önnur
8. Óskir um fjármögnunarleigu vegna annarra véla og tækja í atvinnustarfsemi en um getið í lið 7, skulu sendar með viðeigandi gögnum til gjaldeyriseftirlitsins, sem leggur þær fyrir samstarfsnefnd um gjaldeyrismál til afgreiðslu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Þórhallur Ásgeirsson.